



06

1. MAÍ 2015

Púsundir manna tóku þátt í hátíðahöldum 1. maí 2015.

10

ORLOF

Upplýsingar um allt er viðkemur orlofi og orlofsrétti - kynntu þér málið!

16

VR - SKÓLI LÍFSINS

Nemendum skólans hefur fjölgað mikið á síðustu vikum.

19

FYRIRTÆKI ÁRSINS

Sigurveggar og hástökkvarar - allt um fyrirmyndarfyrirtæki.



FYRIRTÆKI ÁRSINS 2015

19
Fyrirtæki ársins 2015

20
Stór fyrirtæki

22
Meðalstór fyrirtæki

24
Lítill fyrirtæki

25
Um könnunina

26
Sigurvegarar

27
Hástökkvarar

28
Allir starfsmenn taka þátt!

29
Fyrirmyndarfyrirtæki 2015

30
Hæsta heildareinkunn frá upphafi

FÉLAGSMÁL

04
Atkvæðagreiðsla um verkfallsaðgerðir

05
Sýnum samstöðu

06
Fjölmenni á 1. maí hátíðahöldum

08
Til hamingju með daginn!

11
Svona skiptast iðgjöldin þín til VR

12
Aðalfundur VR 2015

14
Stjórn VR 2015-2017

GREINAR OG VIÐTÖL

10
Orlof og orlofsréttur

16
VR-skóli lífsins fer á flug

18
Breyttar reglur hjá Sjúkrasjóði VR

31
Getum við aðstoðað?

32
Hádegisfyrirlestrar VR vel sóttir

34
Krossgátan

35
Þetta stendur VR-félögum til boða í sumar



Forsíðumynd

1. maí hlaup VR

Ljósmynd: Eddi

VR blaðið

3. tbl. 37. árgangur maí 2015

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður

Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

Ritstjóri

Unnur Guðríður Indriáadóttir

Umbrot og útlit

Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur, Guðmundur Þór, Helga Laufey
Guðmundsdóttir, Eddi og Sigurjón J. Sigurðsson

Prentun

Oddi

Upplag

26.400

Stjórn VR

Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður
Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður
Benóný Valur Jakobsson ritari
Birgir Már Guðmundsson
Dóra Magnúsdóttir
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Páll Örn Lindal
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamenn

Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Sigmundur Halldórsson

ÁGÆTI FÉLAGSMÆÐUR

Þegar þessi orð eru skrifuð stendur undirbúningur fyrir atkvæðagreiðslu um verkfall meðal félagsmanna VR sem hæst. Verði verkfall samþykkt munum við leggja niður störf þegar líða tekur á vorið og bætast þannig í hóp þeirra sem þegar hafa gripið til aðgerða. VR stefnir að því að ljúka atkvæðagreiðslunni um miðjan maí og vil ég hvetja ykkur til að nýta atkvæðisrétt ykkar.



» Ákvörðun um að boða til atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir var ekki auðveld en að mati samninganefndar félagsins var engin önnur leið fær. Kröfugerð okkar byggir á samningi til skamms tíma þar sem sanngirni ræður för. «

ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR
FORMAÐUR VR

Staðan í kjarasamningaviðræðunum er flókin og ekkert sem bendir til þess að samningar séu í nánd. Kröfugerð VR gagnvart Samtökum atvinnulífsins var birt um miðjan febrúar en viðræður báru ekki árangur. Í ljósi þess vísaði félagið deilunni til ríkissáttasemjara um miðjan síðasta mánuð. Í lok apríl var svo ljóst að samningaviðræður væru árangurslausar, þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara. Sú niðurstaða leiddi okkur til þeirrar stöðu sem nú er uppi og leggjum við næstu skref í ykkar hendur, félagsmanna, með þeirri atkvæðagreiðslu sem nú er í undirbúningi.

VR er stærsta stéttarfélag á landinu með um 30 þúsund félagsmenn. Ákvörðun um að boða til atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir var ekki auðveld en að mati samninganefndar félagsins var engin önnur leið fær. Kröfugerð okkar byggir á samningi til skamms tíma þar sem sanngirni ræður för. Við lögðum okkar af mörkum í síðustu kjarasamningum – stöðugleika verður ekki náð á okkar kostnað.

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2015

En þó að staðan á vinnumarkaði sé erfið viljum við veita þeim fyrirtækjum viðurkenningu sem að mati starfsmannanna sjálfra skara fram úr. Könnun VR á Fyrirtæki ársins er ykkar vettvangur til að láta í ykkur heyra, bæði svo við vitum hvernig ykkur líður en ekki síst til að koma skilaboðum á framfæri við stjórnendur fyrirtækjanna. Niðurstöðurnar í þessari könnun vekja alltaf athygli og, það sem mestu skiptir, þær hafa áhrif. Könnunin sýnir stjórnendum svart á hvítu hvernig þeir eru að standa sig þegar kemur að því að hlúa að mannauði fyrirtækisins. Þær sýna hvar pottur er brotinn en líka hvað vel er gert.

VR hefur staðið fyrir þessari könnun í tæpa tvo áratugi og eru mörg fyrirtæki ofarlega á lista ár eftir ár, hvernig sem viðrar í atvinnulífinu og hvernig sem árar hjá fyrirtækinu sjálfu. Það ber vott um styrka mannauðsstjórnun. Könnunin er þannig hvatning til fyrirtækja að gera betur og líta til þeirra sem þarna eru í forystu – þau fyrirtæki eru sannarlega fyrirmyndarfyrirtæki.

Könnunin á Fyrirtæki ársins varpar þannig ljósi á líðan starfsmanna á vinnumarkaði, væntingar þeirra og viðhorf. Launakönnun VR, sem gerð er samhliða þessari könnun, sýnir svo hvernig laun og önnur kjör hafa þróast. Niðurstöður launakönnunar verða birtar í haust. Saman gefa þessar kannanir okkur heildstæða mynd af stöðunni á vinnumarkaði.

Ég óska Fyrirtækjum ársins árið 2015 og starfsfólki þeirra innilega til hamingju með góðan árangur. Félagsmönnum okkar þakka ég fyrir þátttökuna en aldrei áður hafa jafnmargir svarað könnuninni og einmitt í ár. [VR](#)

Ágætu félagsmenn, ég óska ykkur gleðilegs sumars.

Ólafía B. Rafnsdóttir,
formaður VR.

ATKVÆÐAGREIÐSLA UM VERKFALLSAÐGERÐIR

Um miðjan apríl var kjaradeilu VR og Samtaka atvinnulífsins vísað til ríkissáttasemjara þar sem samningaviðræður höfðu ekki skilað árangri. Tveir fundir voru haldnir hjá ríkissáttasemjara, en undir lok apríl lýsti VR því yfir að viðræður væru árangurslausar, með vísan í 3 mgr. 15. gr. laga nr. 80 frá 1938. Þessi afstaða félagsins var staðfest á fundi stjórnar og trúnaðarráðs þar sem samþykkt var að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir meðal félagsmanna.

HVENÆR VERÐUR KOSIÐ?

Ákveðið hefur verið að atkvæðagreiðslan hefjist þann 12. maí og að henni ljúki eigi síðar en þann 19. maí. Atkvæðagreiðslan verður rafræn og fá félagsmenn send í pósti kjörgögn og ítarlega upplýsingar um hvernig á að kjósa. Við hvetjum félagsmenn sem ekki hafa fengið kjörgögn þann 14. maí, en telja sig eiga rétt til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni, að hafa samband við kjörstjórn félagsins með því að senda póst á kjorstjorn@vr.is eða með því að hafa samband við þjónustuver félagsins í síma 510 1700. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli verður frá Mínum síðum á vef VR. Nánari upplýsingar um tilhögun atkvæðagreiðslunnar og leiðbeiningar um hvernig á að kjósa verða birtar á vef félagsins, www.vr.is.

HVENÆR VERÐA VERKFALLSAÐGERÐIR?

Unnið er að undirbúningi sameiginlegra verkfallsaðgerða VR, Landssambands ísl. verzlunarmanna og Flóabandalagsins. Þær gera ráð fyrir tveggja daga verkföllum í tilteknum atvinnugreinum dagana 28. maí til 5. júní og ótímabundnu allsherjarverkfalli frá og með 6. júní. Hér að neðan má dagsetningar aðgerða í einstaka atvinnugreinum, en nánari útfærsla er birt á vef VR og á rafrænum atkvæðaseðli.

HVERNIG VERÐUR VERKFALLSGREIÐSLUM HÁTTAÐ?

Stjórn Vinnudeilusjóðs hefur samþykkt tilhögun greiðslna úr sjóðnum til félagsmanna í verkfalli, komi til þess. Í aðgerðum dagana 28. maí til og með 5. júní er gert ráð fyrir að greidd verði 80% af launum en að hámarki kr. 16.151 á dag.

Í ótímabundnu allsherjarverkfalli er gert ráð fyrir greiðslu að hámarki 180 þúsund krónur á mánuði til félagsmanns í fullu starfi, en greiðsla yrði í samræmi við starfshlutfall.

VR óskar eftir stuðningi félagsmanna við þær aðgerðir sem kosið verður um og hvetur alla félagsmenn til að nýta sér atkvæðisrétt sinn. [LS](#)

TILHÖGUN VERKFALLSAÐGERÐA VR FRÁ 28. MAÍ 2015

Fimmtudagur 28. maí	Föstudagur 29. maí	Laugardagur 30. maí	Sunnudagur 31. maí	Mánudagur 1. júní	Þriðjudagur 2. júní	Miðvikudagur 3. júní	Fimmtudagur 4. júní	Föstudagur 5. júní	Laugardagur 6. júní
Hópbifreiðafyrirtæki									
	Hótel/ gististaðir og baðstaðir								
		Starfsmenn flugvalla							
				Skipafélög og matvöruverslanir					
						Oliufélög			
								Ótímabundið allsherjar- verkfall hefst	

SÝNUM SAMSTÖÐU

- tökum þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir og segjum já !

ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR – FORMADUR VR

Um miðjan febrúar kynnti VR kröfugerð sína í kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins. Kröfugerðin er sanngjörn og gerir ráð fyrir leiðréttingu á launum félagsmanna í ljósi þeirra samninga sem stjórnvöld og atvinnurekendur hafa gert fyrir aðra hópa á vinnumarkaði á undanförunum mánuðum. Atvinnurekendur hafa hins vegar ekki sýnt neinn vilja til að koma til móts við okkar kröfur. Afleiðingin er sú að í dag stöndum við frammi fyrir því að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir.

VR HAFÐI ENGAN ANNAN KOST Í STÖÐUNNI

Frá því kröfugerðin var lögð fram hefur lítið þokast í samkomulagsátt og viðræður hafa engu skilað. Um miðjan apríl var ljóst að samningar væru ekki í sjónmáli og samþykkti trúnaðarráð félagsins einróma á fundi sínum að vísa deilunni til ríkissáttasemjara. Tveir fundir voru haldnir í deilunni með aðkomu ríkissáttasemjara í síðasta mánuði, en því miður reyndust þeir árangurslausir. VR hafði því engan annan kost í stöðunni en að slíta viðræðum.

Á fundi trúnaðarráðs þann 27. apríl síðastliðinn samþykktu fundarmenn að hefja undirbúning atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir. Verkfallsnefnd félagsins og stjórn Vinnudeilusjóðs hafa undanfarið unnið að skipulagningu aðgerða og voru þær kynntar fyrir stjórn og trúnaðarráði í byrjun maí og samþykktar einróma.

HÆKKUM LÆGSTU LAUN OG STYRKJUM STÖÐU MILLITEKJUHÓPSINS

En hverjar eru kröfur VR sem atvinnurekendur eiga svo erfitt með að ræða? VR leggur til í kröfugerð sinni að samið verði til eins árs. Að okkar mati eru ekki forsendur fyrir lengri samningi, til þess verður að ríkja traust til stjórnvalda sem því miður er ekki til staðar. VR leggur áherslu á að hækka laun þeirra sem hafa lægstu tekjurnar og þeirra sem hafa millitekjur. Kröfur okkar byggja á launaþróunartryggingu sem skilar mestu til þessara hópa en minna til þeirra sem hafa hæstu launin. framfærslu.

- Við gerum þá kröfu að lágmarkslaun fyrir dagvinnu dugi félagsmönnum til framfærslu.



- Við gerum þá kröfu að staða félagsmanna með millitekjur verði styrkt, en það eru þeir sem tóku á sig auknar byrðar í kjölfar hrunsins.

Við sjáum ekki af hverju ekki er hægt að koma til móts við þessar kröfur. Sú leið sem VR leggur til í skilar mestu til þeirra sem hafa lægri laun og millitekjur.

HELSTU ATRIÐI KRÖFUGERÐAR VR

Kröfugerð félagsins má sjá í heild sinni á heimasíðunni, www.vr.is en hér að neðan eru helsti atrið hennar:

- Að samið verði til eins árs.
- Að meðalhækkun launa verði kr. 24 þúsund á mánuði m.v. fullt starf.
- Að lágmarkslaun verði kr. 254 þúsund á mánuði.
- Að starfsmenntun skili sér í hærri launum starfsmanna.

SEGJUM JÁ VIÐ VERK FALLSBOÐUN

Ákvörðun um verkfallsaðgerðir er ekki auðveld. En við eigum engra annarra kosta vöð til að knýja á um nýjan kjarasamning. Nú leitum við til félagsmanna um stuðning við þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru.

Ég hvet alla til að nýta atkvæðisrétt sinn og greiða atkvæði með þeim aðgerðum sem hér eru kynntar.

1. MAÍ 2015

FJÖLMENNI Á 1. MAÍ HÁTÍÐAHÖLDUM

Þúsundir manna gengu fylktu liði í kröfugöngu í Reykjavík í tilefni af 1. maí og var þátttakan með besta móti, enda sjaldan verið mikilvægara en einmitt nú að launafólk sýni samstöðu og kraft. Mikil stemning var á útifundinum á Ingólfstorgi og létu fundarmenn vel í sér heyra.

RÍFANDI STEMNING Í VR-HLAUPI

VR hitaði upp fyrir kröfugönguna með fjölskylduhlaupi á Klambratúni. Fjöldmenni var í hlaupinu, þar voru bæði verðandi félagsmenn og þeir sem eldri eru, og skemmtu allir sér vel saman. Bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór héldu uppi rífandi stemningu í björtu og fallegu veðri, hlauparnir Elísabet Margeirs og Kári Steinn leiddu hlaupið og Sirkus Íslands skemmti hlaupurum og áhorfendum. Allir fengu verðlaunapening og pylsur að hlaupi loknu.

Frá Klambratúni var svo gengið undir fánum VR og kröfuspjöldum að Hlemmi þar sem hlauparar og fjölskyldur þeirra tóku þátt í kröfugöngunni. Mikil og góð mæting var svo í kaffi VR að loknum útifundi en það var haldið í anddyri Laugardalshallar.

Við þökkum fyrir frábæran dag !





TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN !

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, flutti hátíðarræðuna á baráttufundi þann 1. maí á Ísafirði. Ólafía gerði að umræðuefni stöðuna í kjaramálum sem og jafnrétti kynjanna en í ár er m.a. haldið upp á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Ræðan er birt í heild sinni hér að neðan.

Það er enn kalt í lofti og vetrarlegt um að lítast þó að sumarið sé komið samkvæmt dagatalinu. En veðrið þennan nýliðinn vetur endurspeglar það sem við höfum upplifað, og erum enn að upplifa, í kjarabaráttunni, umhleyplinga og kulda. Ég vildi gjarnan fá að standa hér og fagna með ykkur góðum árangri og sterkri stöðu á þessum merka degi en því miður get ég það ekki. Staðan á vinnumarkaði hefur sjaldan, ef nokkurn tímann, verið erfiðari og flóknari en einmitt nú. En þessi staða var fyrirsjáanleg fyrir mörgum vikum og ætti ekki að koma atvinnurekendum, hvað þá stjórnvöldum, á óvart.

Við erum í þessari stöðu vegna þess að vikið var af þeirri leið sem mörkuð var þegar skrifað var undir kjarasamning í lok árs 2013. Þá vorum við á almennum vinnumarkaði reiðubúin til að leggja okkar af mörkum til að ná stöðugleika. Við vildum fara norrænu leiðina og sóttumst eftir þjóðarsátt. Við gengum út frá því að allir legðust á eitt til að ná fram sátt sem tryggði okkur aukinn kaupmátt og kæmi böndum á verðbólguna. Við vorum heiðarleg í þessari vinnu okkar og lögðum mikið á okkur til að ná fram sátt. Það tókst – að við héldum – og skrifað var undir nýjan kjarasamning. Þessi samningur skilaði okkur ákveðnum ávinningi, lægri verðbólgu og lægri vöxtum. Verðbólgan hefur verið undir markmiði Seðlabankans fimmtán mánuði í röð – og er þetta lengsta samfellda tímabil svo lágrar verðbólgu. Við eigum stóran þátt í því. Það munar um minna.

En það dugði skammt, því miður reyndist ekki nægjanlegur stuðningur við þessa leið þegar á reyndi. Kjarasamningar sem gerðir voru eftir að við skrifuðum undir gerðu að engu okkar vinnu og við stöndum aftur á byrjunarreit. Atvinnurekendur og stjórnvöld hafa lítið fram að færa í þeim viðræðum sem átt hafa sér stað undanfarin misseri, því miður. Það er til lítils að lýsa því yfir að hér sé slegið met í kaupmáttaraukningu ef fæstir finna fyrir því á eigin skinni. Atvinnurekendur bjóða okkur 3,5% launahækkun og stjórnvöld gera kröfu um að við tökum aftur á okkur ábyrgð á stöðugleikanum.

Þetta gengur ekki upp, það sér það hver maður. Krafa okkar er leiðrétting á launum okkar til samræmis við það sem aðrir hópar hafa fengið. Stöðugleikinn sem allir vilja verður ekki á kostnað okkar – við segjum hingað og ekki lengra.

Verkföll þúsunda starfsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði eru staðreynd og meiri átök framundan. Stærstu stéttarfélag landsins, VR og Efling, hafa þegar tekið ákvörðun um að hefja undirbúning

aðgerða og erfitt verður að afstýra því að stærstur hluti hins almenna vinnumarkaðar leggi niður störf innan nokkurra vikna.

Ákvörðun um verkfall er ekki tekin af léttúð hjá stéttarfélögum. Verkfall er sterkasta vopn okkar launafólks en við beitung því afar varlega enda fer enginn í verkfall nema nauðsyn krefji.

Hvaða möguleikar eru þá í stöðunni? Auðvitað viljum við ná heildarsátt á vinnumarkaði. Það er skynsamlegasta leiðin og sú leið sem getur fært okkur þá kjarabót sem við erum að berjast fyrir. En það þýðir að allir verða að koma að samningaborðinu, félög á almennum vinnumarkaði og hinum opinbera – atvinnurekendur og stjórnvöld.

En sanngirni verður að ráða för – leiðrétta verður kjör þeirra sem sátu eftir. Krafa okkar er einföld, dagvinnulaun verða að duga fyrir framfærslu. Lægstu laun eru skammarlega lág, það er enginn sem getur mótmælt því. Til að komast áfram, verðum við fyrst að leiðrétta það sem aflaga hefur farið. Svo getum við sest niður og ákveðið hvernig við viljum stíga inn í framtíðina – saman.

KÆRU FÉLAGAR

Það er mér persónulega mikil ánægja að fá tækifæri til að vera hér á Ísafirði í dag, á þessu mikla jafnréttisári. Ég á rætur mínar að rekja hingað í föðurættina, til Stefáns Bjarnarsonar sem gegndi embætti sýslumanns og bæjarfógeta hér í bæ um miðja níttjándu öldina, og eiginkonu hans Karenar Bjarnarson. Dóttir þeirra hjóna, og systir Benedikts langafa míns, er Camilla Bjarnarson. Camilla var mikill kvenskörungur, fyrsti íslenski kvenstúdentinn og konan sem stofnaði fyrsta kvenfélagið á Ísafirði. Það var árið 1907, kvenfélagið Ósk sem sett hefur mark sitt á samfélagið á Ísafirði æ síðan.

Af hverju rifja ég þetta upp hér og nú má spyrja? Jú, í ár leggjum við áherslu á að minnast framlags kvenna til samfélagsins í gegnum árin og áratugin og veltum því upp hvernig við getum best undirbúið dætur okkar – og syni – fyrir framtíðina.

Árið 2015 er mikið jafnréttisár, eins og margoft hefur komið fram. Öld er liðin frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt til Alþingis en baráttan hafði þá staðið í áratugi, eða frá árinu 1885. Það ár ritaði frumkvöðullinn Bríet Bjarnhéðinsdóttir grein í Fjallkonuna undir heitinu „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna“.



Hið íslenska kvenfélag var stofnað nokkrum árum síðar en það var fyrsta félagið sem hafði það á sinni stefnuskrá að auka réttindi kvenna. Árið 1907 var Kvenréttindafélag Íslands síðan stofnað – á heimili Bríetar. Markmið þess var að konur fengju fullt stjórnmalajafnrétti á við karlmenn, kosningarétt og kjörgengi. Einnig að konur fengju embættisgengi og rétt til atvinnu með sömu skilyrðum og karlmenn.

Árið 1913 var frumvarp um kosningarétt kvenna 40 ára og eldri lagt fram – það var samþykkt og síðan staðfest þann 19. júní 1915.

Þessum árangri fögnum við í ár og full ástæða til. Kosningaréttur kvenna var stórt skref í átt til jafnréttis karla og kvenna – enda um sjálfsgöðan rétt beggja kynja að ræða. En baráttunni er ekki lokið, langt í frá. Hér er ég að sjálfsgöðu að tala um stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Þann 24. október 1975 var kvennafrídagurinn haldinn þegar konur í tugþúsunda tali lögðu niður störf til að krefjast sömu réttinda og launa og karlar. Sá dagur markaði tímamót í sögu jafnréttisbaráttunnar á Íslandi. Samstaðan sem konur sýndu á þessum degi fyrir 40 árum er einstök í heiminum. Atvinnulífið lamaðist og allir, karlar og konur, fundu áþreifanlega fyrir því hve mikilvægur þáttur kvenna er á vinnumarkaði. Þessi dagur skipti sköpum fyrir þróun jafnréttisbaráttunnar en ekki síður fyrir þróun samfélagsins alls, það eru allir sammála um það.

En þrátt fyrir að við séum öll sammála um að jafnrétti sé mannréttindi erum við enn að berjast fyrir jöfnum launum kynjanna. Sú staðreynd að atvinnurekendur telji réttlæt看legt – árið 2015 – að greiða konum lægri laun en körlum fyrir sama starf er óásættanleg. Launajafnrétti óháð kyni á að sjálfsgöðu að vera sameiginlegt verkefni okkar allra, launamanna og atvinnurekenda. Við höfum sýnt það í gegnum árin að við getum breytt




viðhorfum þegar við sameinum krafta okkar. Notum þetta merkilega ár til þess að snúa þessari þróun við. Sýnum jafnrétti í verki og öllum börnin okkar upp til þess að bera jafna virðingu fyrir réttindum allra.

ÁGÆTU FUNDARMENN

Rúmlega 90 ár eru frá því fyrsta kröfugangan var farin á Íslandi undir formerkjum verkalyðshreyfingarinnar á 1. maí. Enn þann dag í dag sjáum við á lofti kröfuspjöld með sömu áherslunum ár eftir ár. Hve oft eigum við að þurfa að gera kröfu um sjálfsgöða hluti eins og að grunnlaunin dugi til framfærslu – eins og að stytta vinnuvikuna?

Baráttan fyrir réttindum launafólks hefur kostað blóðug átök í gegnum áratugin. Við megum aldrei gleyma því. Við notum þennan dag til að minnast fórn þeirra sem á undan gengu og ítreka að baráttunni sé engan vegin lokið. Þessi dagur, 1. maí, er vettvangur okkar til að láta að okkur kveða, koma saman og sýna mátt okkar og megin.

Þessi dagur hefur breyst í tímann rás, það er alveg rétt, og sumir telja hann jafnvel tímaskekkju í nútímapjóðfélagi. En því fer fjarri! Þó að breytingar verði í þjóðfélaginu og þó við viljum halda upp á þennan dag á annan hátt en þegar fyrst var til hans stofnað, er hann – og verður alltaf – okkar dagur, okkar launamanna. Hann er til marks um það sem áunnist hefur í baráttu verkalyðshreyfingarinnar og hann er til marks um þá baráttu sem framundan er. Þessi dagur minnir okkur á það hverju við getum áorkað - saman. 

Ágætu félagar, gleðilegt sumar og aftur, til hamingju með daginn !

ORLOF OG ORLOFSRÉTTUR

ELÍAS MAGNÚSSON – FORSTÖÐUMAÐUR KJARAMÁLASVIÐS

Allir starfsmenn sem starfa í þjónustu annarra gegn launum eiga rétt á orlofi og orlofslaunum skv. lögum um orlof nr. 30/1987.

Hér fyrir neðan er tafla sem sýnir uppsöfnun orlofsdaga eftir starfstíma hjá fyrirtæki og í starfsgrein.

	2 dagar fyrir unninn mán.	Eftir 5 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár
Lágmarksréttur skv. lögum og samningum	24 virkir dagar			
5 ár í sömu starfsgrein		25 virkir dagar		
5 ár hjá sama fyrirtæki			27 virkir dagar	
10 ár hjá sama fyrirtæki				30 virkir dagar
Orlofslaun nema	10,17%	10,64%	11,59%	13,04%

ORLOF SKAL ÁVALLT TEKIÐ Í SAMRÁÐI VIÐ VINNUVEITANDA

- Einungis eru virkir dagar taldir sem orlof.
- Uppsöfnun orlofs á sér stað frá 1. maí -30. apríl á hverju ári.
- Orlofstímabilið er frá 2. maí -15. september.

Lágmarksréttur starfsmanns til orlofs hjá fyrirtæki er því 24 dagar. Framkvæmdin er með þeim hætti að starfsmaður fær annaðhvort greidd laun þá daga sem hann er í orlofi eða orlofið er lagt inn á orlofsreikning starfsmanns sem stofnaður hefur verið. Í þeim tilfellum hefur verið gerður samningur um vörslu orlofslauna við tiltekinn banka eða sparisjóð. Orlofslaun í hverjum mánuði greiðast inn á þennan tiltekna orlofsreikning þar til öll upphæðin er greidd út um miðjan maí ár hvert.

Við starfslok launþega vinnuveitanda ber að greiða út áunnið orlof, skv. lögum um orlof.

ÁKVÖRÐUN ORLOFSTÖKU

Orlofstímabilið er frá 2. maí-15. september ár hvert. Í lögum um orlof segir að atvinnurekandi skuli í samráði við launþegann ákveða orlofstöku hans. Atvinnurekandi skal verða við óskum launþegans um hvenær orlof skuli tekið, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Endanleg ákvörðun um orlofstöku er því í höndum vinnuveitanda. Atvinnurekandi skal eins fljótt og unnt er, eða í síðasta lagi einum mánuði fyrir byrjun orlofs, tilkynna launþega hvenær orlof skuli hefjast.

LOKUN FYRIRTÆKIS VEGNA ORLOFS STARFSMANNA

Vinnuveitanda er heimilt að loka fyrirtæki á meðan á orlofi starfsmanna stendur ef hann tilkynnir starfsmönnum það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem ekki hafa áunnið sér fullan orlofsrétt geta ekki krafist launa allan þann tíma. Aftur á móti geta þeir starfsmenn sem þegar hafa tekið orlof sitt á tímabilinu átt rétt til launa þann tíma sem lokað er.

ORLOFSAUKI

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt hjá fyrri vinnuveitanda fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafi rétturinn verið sannreindur.

ORLOFSTAKA UTAN TÍMABILS

Ef starfsmaður fer í orlof eftir 15. september að ósk atvinnurekanda skal hann fá 25% lengingu á þann hluta orlofsins sem út af stendur. Ef starfsmaður óskar hins vegar sjálfur eftir orlofi síðar en 15. september lengist orlof hans ekki.

FRAMSAL ORLOFS Á MILLI ÁRA

Framsál á orlofi og orlofslaunum er óheimilt á milli ára. Þetta þýðir að launþegi þarf að taka út orlofsrétt sinn áður en nýtt orlofsár hefst. Það er í raun sameiginleg ábyrgð vinnuveitanda og launþega að sjá til þess að orlof sé nýtt innan tilskilinna tímamarka.

VEIKINDI Í ORLOFI

Starfsmaður sem veikist innanlands í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal á fyrsta degi tilkynna atvinnurekanda um veikindin með sannanlegum hætti og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningarskyldunni og veikindin standa samfelld lengur en 3 sólarhringa á launþeginn rétt til uppbótarorlofs jafn langan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal launþegi ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði, sé þess óskað.

ORLOF OG UPPSAGNARFRESTUR

Hvorki vinnuveitandi né launþegi getur einhliða ákveðið að orlof launþega komi inn í uppsagnarfrest hans. Ef stytta á uppsagnarfrest með orlofi þarf að vera um það samkomulag milli aðila.

Uppsagnarfrestur á að nýtast starfsmanni óskertur við að leita sér nýrrar vinnu. Ef vinnuveitandi gæti ákveðið að orlof kæmi inn í uppsagnarfrest starfsmannsins myndi umsáminn uppsagnarfrestur ekki nýtast starfsmanninum eins og til er ætlast. Orlof getur því ekki fallið inn í uppsagnarfrest, hvort sem tekin hefur verið ákvörðun um orlof fyrir uppsögn eða ekki, nema með samþykki bæði launþega og vinnuveitenda.

Allar frekari upplýsingar um orlof og orlofstöku er hægt að fá á skrifstofu VR og heimasíðu félagsins. [VR](#)



SVONA SKIPTAST IÐGJÖLDIN ÞÍN TIL VR

ÞAÐ SEM FÉLAGSMAÐUR GREIÐIR

0,7%



0,7% af heildarlaunum hvers félagsmanns eru félagsgjald til VR og stendur það straum af kostnaði við rekstur skrifstofu félagsins, hluta af þjónustu og lögfræðiaðstoð, gerð kjarasamninga, kosningar, auglýsingar, vinnudeilusjóð o.fl.

ÞAÐ SEM ATVINNUREKANDINN GREIÐIR SEM MÓTFRAMLAG VEGNA HVERS FÉLAGSMANNS TIL VR

1%



1% í sjúkrasjóð og er því fé að varið í greiðslur sjúkra- og slysdagpeninga, dánarbóta o.fl. auk þess sem hluti er settur í VR-varasjóð hvers félagsmanns.

0,25%



0,25% í orlofsheimilásjóð sem notaður er til að byggja upp og viðhalda orlofshúsakosti félagsins, einnig í niðurgreiðslu annarrar orlofsþjónustu, s.s. gjafabréfa í flug, útilegu- og veiðikort o.fl., auk þess sem hluti er settur í VR-varasjóð hvers félagsmanns.

0,30%



0,30% í starfsmenntasjóð sem fer til að greiða niður starfsmennta- og tólmstundanám félagsmanna og styðja við þróun náms fyrir þá sem starfa við verslunar- og skrifstofustörf o.fl.

0,13%



0,13% í endurhæfingarsjóð sem fer til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og greiðir fyrir ráðgjafarþjónustu sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku félagsmanna í kjölfar veikinda eða slysa.

Ríflega þriðjungur þess sem félagsmaður greiðir í iðgjöld í sjúkra- og orlofssjóð er svo greitt í VR varasjóð.



AÐALFUNDUR VR 2015

Fjöldmenni var á aðalfundi VR sem haldinn var þann 25. mars sl. Formaður VR, Ólafía B. Rafnsdóttir, fór yfir starfsemina á síðasta starfsári stjórnar og stöðuna og næstu skref í kjarasamningaviðræðum. Hún ítrekaði mikilvægi þess að stjórnvöld kæmu að gerð næstu kjarasamninga. Kröfur VR sneru að leiðréttingu á kjörum félagsmanna, félagið krefðist sanngirni og réttlætis. Sátt yrði að ríkja um það að launafólk gæti lifað af dagvinnulaunum sínum. Stéttarfélag hefðu lagt til mismunandi leiðir í því samhengi en þríliða samstarf væri grundvöllurinn að því að halda áfram. „Þó að við séum ekki alltaf sammála um hvaða leið eigi að fara ber okkur skylda til að leita lausna,“ sagði formaður VR að lokum í ávarpi sínu á fundinum.

AFKOMA FÉLAGSINS JÁKVÆÐ

Framkvæmdastjóri VR, Stefán Sveinbjörnsson, fór yfir reikninga félagsins fyrir árið 2014, sem síðan voru bornir undir fundinn og samþykktir samhljóða. Afkoma félagsins var jákvæð á síðasta ári, hreinar tekjur til ráðstöfunar hækkðu um 37% á milli ára og námu 668 milljónum króna. Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld jukust um 215 milljónir á milli ára. Raunávöxtun eignasafns VR var 3,46% á síðasta ári samanborið við 2,08% árið á undan. Fjárfestingarstefna VR er varfærin og hugsuð til lengri tíma litið. Eiginfjárstaða félagsins er sterk.

LAGA- OG REGLUGERÐARBREYTINGAR

Nokkrar breytingar voru samþykktar á lögum VR á fundinum, sem miða m.a. að því að skerpa á félagsaðild og réttindum og skyldum félagsmanna. Á fundinum voru einnig samþykktar breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR, m.a. til að samræma þær viðmiðunarreglum Alþýðusambands Íslands um sjúkrasjóði aðildarfélaganna. Þá var samþykkt reglugerð fyrir Vinnudeilusjóð, en hlutverk hans er að veita þeim félagsmönnum VR fjárhagsaðstoð sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkþanna.


KJÖRI STJÓRNAR LÝST

Kosningar voru í félaginu fyrr í þessum mánuði og var kjöri formanns, stjórnar og trúnaðarráðs lýst. Aðeins einn bauð sig fram til formanns, núverandi formaður, Ólafía B. Rafnsdóttir, sem var sjálfkjörin til næstu tveggja ára. Þá var einungis einn listi í framboði til trúnaðarráðs, það var listi stjórnar og trúnaðarráðs og var hann einnig sjálfkjörinn til næstu tveggja ára. Tveir stjórnarmenn gáfu ekki kost á sér til endurkjörs og voru tveir nýir kosnir inn. Listi yfir stjórn er birtur á bls. 14 og listi yfir trúnaðarráð er birtur á á heimasíðu VR www.vr.is.

570 MILLJÓNIR Í VR VARASJÓÐ

Á fundinum var lögð fram tillaga um 570 milljóna króna framlag í VR varasjóð vegna ársins 2014 og rúmlega átta milljóna króna framlag vegna ársins 2013. Þetta er tæplega eitt hundrað milljónum króna hærra framlag en á síðasta ári. Tillaga um óbreytt félagsgjald, 0,7% af heildarlaunum, var samþykkt, sem og tillaga um óbreytt laun stjórnarmanna.

GULLMERKI AFHENT

Á aðalfundi VR fengu tveir félagsmenn VR, þau Benedikt Vilhjálmsson og Anna Björg Siggeirsdóttir, afhent gullmerki VR fyrir mikilvægt og verðmætt starf í þágu félagsins og félagsmanna. Benedikt, sem hefur verið félagsmaður frá árinu 1970, sat í stjórn VR í alls 23 ár frá 1989 til ársins 2012. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið á undanföllum áratugum og komið sérstaklega að þróun og framgangi orlofsmála í félaginu á síðasta aldarfjórðungi. Anna Björg starfaði í félaginu í rúm tuttugu ár og var m.a. ritstjóri VR blaðsins í rúman áratug. Anna Björg var einn helsti hvatamaður þess að félagið legði í auknum mæli áherslu á baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna, en VR er nú í forystu á því sviði eins og kunnugt er. 



STJÓRN VR

KOSIÐ TIL STJÓRNAR VR 2015–2017

Allsherjaratkvæðagreiðsla til stjórnar VR fyrir kjörtímabilið 2015–2017 var haldin dagana 5.–12. mars 2015. Aðeins eitt framboð barst til formanns, frá núverandi formanni, Ólafu B. Rafnsdóttur, sem var sjálfkjörin til næstu tveggja ára. Alls bárust tíu framboð til sjö sæta í stjórn og var kosið milli þeirra. Á kjörskrá voru 30.243 en 1.352 kusu, sem er 4,47% kosningaþátttaka.

SJÖ AÐALMENN Í STJÓRN TIL TVEGGJA ÁRA

Eftirtaldir voru kosnir í stjórn VR til tveggja ára, að teknu tilliti til kynjaskiptingar eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Helga Ingólfssdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Bírgir Már Guðmundsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Páll Örn Lindal
Rannveig Sigurðardóttir

ÞRÍR VARAMENN Í STJÓRN TIL EINS ÁRS:

Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigmundur Halldórsson
Óskar Guðmundsson

Framangreindir aðilar eru því réttkjörnir skv. 20. gr. laga félagsins og hófst kjörtímabil þeirra á aðalfundi VR fyrir árið 2015.

Sjálfkjörið var í trúnaðarráð félagsins þar sem ekkert mótframboð barst við lista stjórnar og trúnaðarráðs VR. Listi yfir fulltrúa félagsins í trúnaðarráði er birtur á heimasíðunni, www.vr.is.



Ólafía B. Rafnsdóttir
formaður VR



Bjarni Þór Sigurðsson
365 miðlar – varaformaður




Harpa Sævarsdóttir
Íshestar



Helga Ingólfssdóttir
UPB ehf.



Rannveig Sigurðardóttir
LAG lögmenn sf.



Sigurður Sigfússon
N1

2015-2017



Benóný Valur Jakobsson
66° Norður



Birgir Már Guðmundsson
SORPA



Dóra Magnúsdóttir
Evrópska upplýsingafélagið



Guðrún B. Hallbjörnsdóttir
Vörður tryggingar



Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Verkfræðingafélag Íslands



Kristjana Þ. Jónsdóttir
Egilsson ehf.



Páll Örn Líndal
N1



Ragnar Þór Ingólfsson
Örinn



Svanhildur Þórsteinsdóttir
365 miðlar hf.



Ólafur Reimar Gunnarsson
Ernst & Young – varamaður



Óskar Guðmundsson
Samskip hf. – varamaður



Sigmundur Halldórsson
Síminn hf. – varamaður



VR-SKÓLI LÍFSINS FER Á FLUG

Ungir starfsmenn í Hagkaup setjast á næstu vikum á skólabeck í VR-Skóla lífsins og fjöldi nemenda í þremur framhaldsskólum lauk nýlega námi.


VR-skóli lífsins er sérstaklega ætlaður ungu fólki á aldrinum 16–24 ára. Markmiðið er að kynna því skyldur og réttindi í starfi og búa það undir þátttöku á vinnumarkaði. Nemendum skólans hefur fjölgað mikið á síðustu vikum. Þrjú framhaldsskólar bjóða nemendum sínum þátttöku í skólanum; Verzlunarskóli Íslands, Fjölbrotarskólinn við Ármúla og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. Um fjögur hundruð nemendur í þessum skólum hafa þegar lokið námi og fleiri eru í startholunum. Mikil ánægja var með skólann meðal nemenda og forsvarsmanna skólanna og er það von okkar að fleiri skólar bjóði nemendum sínum þetta nám.

UNGIR STARFSMENN HAGKAUPS Í NÁM

Enn mun fjölga í skólanum á næstu vikum og misserum, en forsvarsmenn Hagkaups hafa ákveðið að bjóða öllum starfsmönnum fyrirtækisins á aldrinum 16–24 ára þátttöku í skólanum. Starfsmenn Hagkaups á þessum aldri eru um fimm hundruð talsins.

VR-SKÓLI LÍFSINS Á UNGMENNARÁÐSTEFNU

Þá spilaði VR-Skóli lífsins stórt hlutverk á nýlegri Ungmennaráðstefnu UMFÍ og luku allir gestir ráðstefnunnar námi í skólanum meðan á henni stóð. Yfir 80 gestir voru á ráðstefnunni, en markmið hennar var að fræða og skapa umræðu um skyldur og réttindi ungs fólks í atvinnulífnum.

VR-Skóli lífsins er fyrir öll ungmenni á landinu, burtséð frá stéttarfélagsaðild þeirra. Hann var settur á laggirnar haustið 2014 og hafa hundruð ungmenna nú þegar útskrifast. VR-Skóli lífsins er að stærstum hluta á netinu og fylgjast nemendur með ungru stúlku taka sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Hún lendir í ýmsum uppákomum og lærir hver réttindi hennar og skyldur eru. Nemendur fara með henni í gegnum ferlið og læra þannig hvað felst í þátttöku á vinnumarkaði. 



Nánari upplýsingar er að finna á www.vrskolilifsins.is



ARNDÍS ARNARSDÓTTIR

STARFSMANNASTJÓRI HAGKAUPS

HVAÐ ERU MARGIR STARFSMENN Á ALDRINUM 16-24 ÁRA HJÁ YKKUR?
Hjá Hagkaupi eru í kringum fimmhundruð starfsmenn á þessu aldrarsbili.

HVAR FRÉTTUÐ ÞIÐ FYRST AF VR-SKÓLA LÍFSINS?

Ég frétti af honum hjá starfsmönnum VR sem voru að vinna að þróun þessa verkefnis og fannst mér þetta mjög spennandi verkefni hjá þeim. Síðar var mér boðið á kynningu í Kringlubíói þar sem farið var yfir það efni sem tekið er fyrir í skólanum og ég varð alveg heilluð. Efnið er fyrir ungt fólk og á mannamáli. Þarna var ákveðið að allt „okkar“ starfsfólk á þessum aldri ætti að fara á vegum Hagkaups í VR-Skólann. Okkur finnst þetta góð fjárfesting fyrir fyrirtækið sem og starfsmanninn.

HVAÐ VAKTI ATHYGLI YKKAR VARÐANDI SKÓLANN?

Framsetning efnisins er sniðin að ungu fólki og þeim hversdagleika sem það lifir í. Myndböndin eru skemmtileg og það sem skiptir máli er að efninu er komið vel til skila. Það er ekkert auðvelt að sækja um vinnu í fyrsta skipti og spurningum eins og hvernig á ég að bera mig að, til hvers er ætlast af mér í vinnu og hvaða kröfur get ég gert til vinnuveitanda er mjög vel svarað í myndböndunum. Allar þessar spurningar sem við vitum ekki einu sinni að við eigum að spyrja um koma líka vel fram í efninu.

HVERNIG FÓRUÐ ÞIÐ AÐ ÞVÍ AÐ NÁLGAST STARFSMENN Á ÞESSUM ALDRI HJÁ FYRIRTÆKINU OG BJÓÐA ÞEIM ÞÁTTTÖKU?

Við höldum fund með yfirmönnum hversrar verslunar og þeir koma svo upplýsingum áfram á sitt fólk. Við setjum upp auglýsingar á upplýsingatöflur fyrirtækisins. Allir yfirmenn fara svo í gegnum námskeiðið til að hafa svör við þeim spurningum sem geta komið upp og til að geta leiðbeint starfsmönnum sínum. Einnig sendir VR-Skóli lífsins upplýsingar á netföng allra starfsmanna þar sem farið er vandlega í gegnum það hvernig starfsmenn eiga að bera sig að við að skrá sig á námskeiðið, og svo koma upplýsingar á alla þegar verklegi hlutinn er í boði. Ég fæ svo upplýsingar um hvernig þetta gengur allt saman og hvet mitt fólk til dáða.

HVERNIG HAFU VIÐBRÖGÐ ÞÁTTTAKENDA VERIÐ?

Það hefur aðeins einn hópur farið í gegnum allt ferlið ennþá, nokkurs konar prufuhópur. Viðbrögð þeirra voru mjög góð og töldu þau öll að þetta væri mjög þarft fyrir ungt fólk. Frekar þurr og leiðinlegt efni sett fram á skemmtilegan og auðskiljanlegan hátt.



PORGERÐUR AÐALGEIRSDÓTTIR

KENNARI Í VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS

HVAR FRÉTTIR ÞÚ FYRST AF VR-SKÓLA LÍFSINS?

VR hafði samband við einn námsráðgjafa Verzlunarskólans sem kom málinu áfram til mín og þannig rataði þetta í mínar hendur. Ég var reyndar búin að sjá VR-skólann auglýstan í fjölmiðlum áður.

HVAÐ VAKTI ATHYGLI YKKAR VARÐANDI SKÓLANN?

Það sem vakti athygli var t.d. hversu vel og skemmtilega efnið er unnið. Skemmtilegt hvernig efninu er skipt upp í stutta myndbandsþætti með verkefnum eftir hvern þátt. Efnið kemur inn á mikilvæga hluti eins og skyldur og réttindi á vinnumarkaði.

HVAÐA LEIÐ FÓRUÐ ÞIÐ VARÐANDI ÞÁTTTÖKU NEMENDA Í VR-SKÓLA LÍFSINS?

Ég var í samskiptum við Selmu Kristjánsdóttur hjá VR, sem kynnti efnið vel fyrir mér. Ég sendi henni síðan bekkjarlista með yfir 300 nemendum í 12 bekkjum á fyrsta ári. Ég kynnti svo verkefnið fyrir nemendum í lífsleiknitíma og gaf þeim nokkrar vikur í að vinna verkefnið. Nemendur áttu að klára 13 verkefni og fengu að því loknu að taka þátt í verklegum tíma sem haldinn var í apríl.

HVERNIG VORU VIÐBRÖGÐ NEMENDA?

Viðbrögð þeirra voru í heildina mjög jákvæð. Þau fengu lykilorð send í tölvupósti og langstærstur hluti nemenda byrjaði vandkvæðalaust að vinna verkefnið. Það voru einungis örfáir nemendur sem annaðhvort fengu ekki lykilorð eða fundu þau ekki í póstinum sínum. Það var auðvelt að kippa því í liðinn. Verklegi hlutinn gekk mjög vel og nemendur höfðu miklar skoðanir sem þeir voru ófeimnir við að viðra. Langflestir nemendur hafa reynslu af sumarvinnu og þó nokkuð margir nemendur vinna með skólanum. Nemendur deildu því mörgum reynslusögum og oftast en ekki var hægt að tengja þær við efni sem þeir höfðu unnið með í verkefnum. Nemendur voru að ljúka verklega tímanum í síðustu viku og geta nú prentað út skirteinið sitt eða vistað það á tölvuna sína. Það var mjög gott að geta fylgst með framvindu nemenda og ég gat því hvatt þá áfram, sem gerði það að verkum að nánast allir kláruðu verkefnið og tóku þátt í verklega tímanum. Nemendur í Verzló fá ekki einkunn fyrir lífsleikni á fyrsta ári og því var ákveðið að ef nemendur kláruðu ekki netverkefnið fyrir verklega tímann hefðu þeir ekki aðgang að þeim tíma og fengu því fjárvist fyrir þá kennslustund.

BREYTTAR REGLUR HJÁ SJÚKRASJÓÐI VR

Á aðalfundi VR, sem haldinn var þann 25. mars sl., voru samþykktar ýmsar breytingar á reglum Sjúkrasjóðs VR og eru ný reglugerð og starfsreglur nú komnar á heimasíðu félagsins www.vr.is.

Tilfni breytinganna er samræming við viðmiðunarreglugerð ASÍ fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaganna og svo minniháttar breytingar á orðalagi og uppsetningu og röðun greina. Meðal breytinga má nefna að ákveðið er að oftast sé gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins, þá er skert á orðalagi réttindaflutnings milli ASÍ-félaga, réttindi atvinnuleitenda í sjóðnum eru samræmd við nýsamþykktar breytingar á lögum VR og síðan er sett inn nýtt ákvæði um viðbrögð við bótasvikum. Annað nýtt ákvæði snýr að Úrskurðarnefnd VR, en til hennar má kæra vegna ágreinings sem kann að rísa vegna afgreiðslna sjóðsins.

Flestar breytinganna tóku gildi strax að loknum aðalfundi en fjórar þeirra, sem teljast réttindabreytingar, taka ekki gildi fyrr en 1. júlí nk. og eru þær eftirfarandi:

SJÚKRADAGPENINGAR

Ákveðið var að samræma aldursviðmið barna í reglugerð og starfsreglum sjóðsins á þann veg að ávallt sé miðað við 18 ára aldur en í núverandi reglum var það ýmist 16 ár, 18 ár eða 21 ár.

DÁNARBÆTUR

A. Ákveðið var að hækka dánarbætur ógiftra og barnlausra félagsmanna úr kr. 240.000 í kr. 400.000 til samræmis við dánarbætur giftra félaga. Við útreikning greiðslu er miðað við dánardag. Ef dánardagur er 1. júlí 2015 eða síðar er greitt samkvæmt þessari nýju reglu, annars gildir eldri regla.

B. Hér, eins og varðandi sjúkradagpeninga, er aldursviðmið barna samræmt við 18 ára aldur en það var áður miðað við 21 árs aldur. Við ákvörðun dánarbóta vegna þessa er miðað við aldur barns á dánardegi félagsmannsins.

SLYSABÆTUR

Ákveðið var að greiða slysabætur eingöngu fyrir varanlega örorku umfram 10% en áður var greitt vegna allrar örorku. Þetta er gert vegna þess að örorka sem metin er undir 10% er almennt talin lítil hindrun til starfa fyrir langflest fólk. Markmið þessarar greinar er auðvitað fyrst og fremst að geta greitt þeim bætur sem glíma við örorku sem hindrar þá í að taka þátt á vinnumarkaði. Með þessum breytingum er því hægt að greiða hærrí upphæð þeim sem mest þurfa á greiðslunum að halda og hækka viðmiðunarbótafjárhæð því í kr. 11.859.000. Við útreikning bótafjárhæðar skal miðað við slysdag gagnvart viðmiðunardeginum 1. júlí 2015.



STYRKIR VEGNA GLASA-/TÆKNIFRJÓVGUNAR OG ÆTTLEIÐINGAR

Ákveðið var að hækka styrki vegna glasa- eða tæknifrjóvgunar og ættleiðingar úr kr. 150.000 í kr. 200.000, en þetta er styrkur sem hver félagsmaður getur aðeins fengið í eitt sinn að þessu hámarki. Að auki var ákveðið að skilyrði yrði sett um 6 mánaða samfellda greiðslu iðgjalda fyrir dagsetningu umsóknar um styrk.

Í framkvæmd verður það þannig eftir 1. júlí að þeir sem áður hafa fengið greidda upphæð sem nær ekki hámarki samkvæmt eldri reglu geta fengið það sem á vantar upp í nýtt hámark og þeir sem aldrei hafa fengið fá samkvæmt nýrri reglu.

DÆMI UM VIÐMIÐANIR EFTIR 1. JÚLÍ 2015

A. Félagsmaður hefur fengið kr. 150.000 hámark samkvæmt eldri reglu og á ekki frekari rétt. Eftir 1. júlí 2015 á hann heldur ekki rétt á frekari greiðslum.

B. Félagsmaður hefur fengið kr. 100.000 samkvæmt eldri reglu og á hann þá rétt á kr. 100.000 til viðbótar ef sótt er um eftir 1. júlí 2015.

C. Félagsmaður sem fær kr. 150.000 samkvæmt nýrri reglu eftir 1. júlí 2015 á rétt á kr. 50.000 til viðbótar. 

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2015

Fyrirtæki ársins árið 2015 samkvæmt könnun VR eru **Johan Rönnung, Miracle** og **Vinnuföt** og er það þriðja árið í röð sem sömu fyrirtæki vinna í öllum stærðarflokkum. Það er einsdæmi í tæplega tveggja áratuga sögu könnunarinnar. Rönnung er Fyrirtæki ársins í hópi fyrirtækja með fimmtíu eða fleiri starfsmenn og vinnur nú fjórða árið í röð. Miracle er Fyrirtæki ársins í hópi meðalstórra fyrirtækja með 20 til 49 starfsmönnum og Vinnuföt er Fyrirtæki ársins í hópi lítilla fyrirtækja þar sem starfsmenn eru færri en tuttugu. Hástökkvarar ársins eru Þrír, LS Retail í hópi stórra fyrirtækja, Würth á Íslandi í hópi millistórra fyrirtækja og Samskipti í hópi lítilla fyrirtækja.

VR hefur staðið fyrir könnun á Fyrirtæki ársins í nær tuttugu ár. Könnunin er send til félagsmanna VR en auk þess taka þátt tugir þúsunda starfsmanna ríkis og borgar á vegum SFR stéttarfélags og Starfsmannafélags Reykjavíkur. Þá ákváðu um 100 fyrirtæki á almennum vinnumarkaði að bjóða öllum starfsmönnum sínum, óháð stéttarfélagsaðild, þátttöku í könnuninni og hafa þau aldrei verið fleiri.

Í þessu tölublaði VR blaðsins eru birtir listar yfir Fyrirtæki ársins 2015 og fjallað um helstu niðurstöður. Ítarlegri umfjöllun um niðurstöðurnar, framkvæmd könnunarinnar sem og hugmyndafræðina að baki henni má finna á heimasíðu VR, **www.vr.is**.

STÓR FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn 2015	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsstæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Svarhlutfall í %	Heildareinkunn 2014
Meðaltal	4,079	4,05	4,33	3,12	4,01	4,36	4,31	4,22	4,24		
1. Johan Rönning *	4,647	4,75	4,76	3,87	4,54	4,76	4,75	4,85	4,82	80-100%	4,664
2. Öryggismiðstöð Íslands	4,598	4,81	4,84	3,82	4,27	4,69	4,69	4,68	4,88	60-69%	4,229
3. Nordic Visitor Iceland	4,471	4,66	4,83	3,30	4,26	4,46	4,43	4,89	4,72	50-59%	4,378
4. S4S *	4,456	4,39	4,72	3,83	4,22	4,47	4,64	4,69	4,68	50-59%	4,431
5. Bræðurnir Ormsson	4,394	4,35	4,56	4,00	4,16	4,58	4,56	4,39	4,60	35-49%	4,204
6. Opin kerfi *	4,386	4,44	4,64	3,37	4,33	4,58	4,49	4,57	4,59	60-69%	4,231
7. Securitas	4,380	4,38	4,55	3,62	4,30	4,41	4,60	4,62	4,53	50-59%	4,505
8. Lex	4,369	4,37	4,63	3,88	4,46	4,29	4,33	4,48	4,41	60-69%	-
9. Vistor *	4,362	4,43	4,63	3,01	4,63	4,51	4,57	4,37	4,62	80-100%	4,336
10. TM Software *	4,348	4,26	4,62	3,68	4,19	4,70	4,36	4,50	4,49	80-100%	4,345
11. Betware á Íslandi *	4,321	4,33	4,59	3,85	4,08	4,61	4,25	4,39	4,46	80-100%	4,375
12. Wise *	4,309	4,15	4,51	3,68	4,71	4,48	4,24	4,28	4,38	70-79%	4,400
13. Garri *	4,298	4,32	4,44	3,52	4,11	4,47	4,36	4,71	4,42	80-100%	4,263
14. LS Retail *	4,286	4,26	4,62	3,55	4,04	4,58	4,27	4,52	4,43	70-79%	3,834
15. Meniga	4,282	4,13	4,53	3,93	3,84	4,48	4,20	4,80	4,40	35-49%	-
16. Össur	4,266	4,14	4,35	3,40	4,28	4,52	4,26	4,76	4,42	35-49%	4,233
17. Nova *	4,258	4,38	4,49	3,21	4,01	4,41	4,41	4,66	4,42	80-100%	4,363
18. Applicon *	4,257	4,19	4,47	3,62	4,17	4,65	4,40	4,27	4,34	80-100%	4,034
19. 1912 *	4,250	4,18	4,48	3,14	4,16	4,58	4,48	4,49	4,49	70-79%	4,343
20. Parlogis *	4,247	4,31	4,48	3,00	4,10	4,51	4,58	4,59	4,37	60-69%	4,191
21. BL	4,238	4,25	4,49	3,37	4,13	4,43	4,48	4,28	4,48	35-49%	4,028
22. Sjóvá *	4,216	4,35	4,50	3,20	4,31	4,53	4,46	3,83	4,48	80-100%	4,231
23. IKEA *	4,213	4,27	4,38	3,56	4,07	4,28	4,30	4,42	4,36	35-49%	3,980
24. Tryggingamiðstöðin *	4,210	4,21	4,41	3,40	4,02	4,54	4,35	4,39	4,37	80-100%	4,173
25. Vörður tryggingar *	4,204	4,21	4,53	3,26	4,05	4,57	4,53	4,04	4,46	80-100%	4,126
26. Pipar/TBWA *	4,199	4,21	4,50	3,40	4,27	4,44	4,35	4,14	4,24	70-79%	4,235
27. Icepharma *	4,186	4,04	4,26	3,23	4,49	4,38	4,41	4,45	4,23	70-79%	4,323
28. PwC *	4,182	4,28	4,52	3,12	4,22	4,48	4,42	4,03	4,31	70-79%	4,200
29. Advania *	4,170	4,14	4,38	3,41	4,38	4,52	4,25	4,00	4,25	70-79%	4,196
30. Ólgerðin Egill Skallagrímsson	4,164	4,19	4,32	2,84	4,27	4,47	4,39	4,42	4,35	35-49%	4,312
31. Ísfell	4,161	4,16	4,19	3,03	4,33	4,19	4,66	4,58	4,11	60-69%	3,867
32. Núi Sírius *	4,158	4,01	4,10	3,22	4,27	4,50	4,39	4,53	4,30	35-49%	-
33. Bílaumbóðið Askja *	4,158	4,25	4,34	3,44	3,90	4,36	4,31	4,31	4,31	70-79%	4,242
34. Logos *	4,152	4,05	4,30	3,45	4,37	4,30	4,25	4,24	4,23	80-100%	4,232
35. 66° Norður, Sjóklæðagerðin *	4,143	4,15	4,46	3,35	3,72	4,28	4,33	4,43	4,43	35-49%	4,158
36. Egilsson *	4,125	4,24	4,33	3,25	3,74	4,42	4,33	4,34	4,33	50-59%	4,067
37. Deloitte *	4,116	4,09	4,27	3,18	4,19	4,36	4,24	4,29	4,27	70-79%	4,045
38. Innnes	4,109	3,97	4,26	2,97	3,93	4,39	4,43	4,61	4,36	35-49%	4,063
39. Nýherji *	4,101	4,12	4,40	2,87	4,06	4,44	4,26	4,32	4,27	60-69%	3,913
40. Eimskip	4,100	4,17	4,33	2,99	4,05	4,40	4,39	4,13	4,31	35-49%	4,233
41. VÍS *	4,097	4,19	4,49	3,00	4,01	4,45	4,37	3,93	4,31	80-100%	4,041
42. Verkis *	4,094	3,99	4,45	3,07	4,05	4,58	4,15	4,22	4,27	50-59%	4,063
43. Ernst & Young *	4,094	4,02	4,39	3,18	4,14	4,38	4,18	4,30	4,15	80-100%	3,979
44. Distica *	4,092	4,13	4,29	2,97	4,33	4,35	4,26	4,23	4,09	70-79%	4,059
45. Íslenska gámafélagið *	4,086	4,07	4,22	3,53	3,90	4,34	4,34	4,13	4,21	35-49%	-

Hér má sjá lista yfir stöðu stórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru að lágmarki 50 talsins. Aftasti dálkurinn sýnir heildareinkunn árið 2014 hjá þeim fyrirtækjum sem þá komust á lista. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir einstaka þætti.

Stjórnumerking (*) þýðir að allir starfsmenn þessara fyrirtækja, án tillits til stéttarfélagsaðildar, fengu senda könnun.

	Heildareinkunn 2015	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Svarhlutfall í %	Heildareinkunn 2014
Meðaltal	4,079	4,05	4,33	3,12	4,01	4,36	4,31	4,22	4,24		
46. DHL Express Iceland	4,082	4,25	4,28	3,23	4,01	4,41	4,12	4,09	4,19	50-59%	4,010
47. Klettur - sala og þjónusta	4,074	3,92	4,21	3,61	4,03	4,43	4,04	4,23	4,19	60-69%	4,320
48. Iceland Travel *	4,072	4,08	4,42	2,70	4,07	4,32	4,17	4,44	4,27	70-79%	3,977
49. KPMG *	4,072	3,99	4,28	3,26	4,17	4,38	4,21	4,09	4,21	70-79%	4,064
50. Bilanaust *	4,071	4,04	4,27	3,13	4,27	4,41	4,34	3,83	4,27	50-59%	4,232
51. Háskólinn í Reykjavík	4,050	4,01	4,13	2,74	4,11	4,43	4,48	4,22	4,29	35-49%	4,110
52. Fjarvakur *	4,041	3,97	4,20	2,62	4,22	4,29	4,36	4,35	4,27	80-100%	4,191
53. Creditinfo	4,025	4,01	4,37	3,05	3,98	4,37	4,43	3,99	4,04	50-59%	3,969
54. Sláturfélag Suðurlands *	4,024	4,03	4,15	3,04	4,09	4,28	4,27	4,19	4,12	35-49%	4,022
55. TK bílar	4,021	4,02	4,20	2,99	4,03	4,17	4,38	4,15	4,19	50-59%	3,909
56. Íslenska auglýsingastofan	4,009	3,81	4,31	2,87	3,85	4,19	4,32	4,36	4,41	35-49%	4,269
57. Farflugar *	4,002	3,90	4,51	2,66	4,03	4,02	4,15	4,56	4,07	35-49%	-
58. Þekking *	3,998	3,76	4,21	3,28	4,07	4,65	3,95	4,13	4,05	70-79%	3,952
59. Olíuverzlun Íslands	3,983	3,90	4,36	3,08	3,81	4,41	4,31	3,91	4,14	50-59%	3,977
60. Motus *	3,967	3,97	4,47	2,99	4,01	4,47	4,31	3,29	4,25	70-79%	3,992
61. Brimborg	3,951	3,69	4,28	3,52	3,91	4,25	4,23	3,84	4,04	35-49%	3,393
62. Icelandair	3,944	3,88	4,39	2,03	4,10	4,28	4,24	4,25	4,28	35-49%	3,980
63. Skeljungur *	3,928	4,00	4,29	3,17	3,74	4,21	4,29	3,55	4,18	50-59%	3,748
64. Hreyfing *	3,926	3,75	4,20	2,86	3,79	3,81	4,48	4,42	4,11	60-69%	4,007
65. Actavis	3,925	3,89	4,32	2,56	3,92	4,41	4,12	4,14	4,02	50-59%	3,905
66. Íslensk-ameríska verslunarfélagið	3,916	3,72	3,93	3,02	3,79	4,42	4,45	4,22	3,95	35-49%	3,856
67. Vodafone *	3,916	4,03	4,43	2,57	3,91	4,34	4,28	3,61	4,08	60-69%	3,780
68. Húsasmiðjan/Blómaval	3,907	3,89	4,37	2,91	3,74	4,30	4,22	3,80	4,05	35-49%	3,769
69. Bilaleiga Flugleiða	3,882	4,09	4,23	2,82	3,14	4,27	4,14	4,27	4,09	35-49%	3,957
70. Samskip	3,879	3,87	4,22	2,89	4,00	4,30	4,26	3,58	3,94	35-49%	3,985
71. Ó. Johnson & Kaaber	3,860	3,71	3,93	2,67	3,29	4,57	4,21	4,52	4,15	35-49%	4,028
72. Hekla *	3,858	3,76	4,19	2,83	3,88	4,34	4,31	3,60	4,03	60-69%	3,217
